

Kennsluáætlun



Fjölbreyttaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	Umhverfisfræði- Auðlindir Íslands. UMHV3ÍS05
Kennari:	Árni Ásgeirsson
Önn:	Vor 2025
Áætlun unnin:	Janúar 2025

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

Í áfanganum er áhersla á umhverfismál tengd Íslandi. Fjallað er um sjálfbæra auðlindanýtingu og sjálfbæra þróun. Lögð verður áhersla á að nemendur skoði sjálfbæra þróun í víðu samhengi og velti fyrir sér mikilvægi umhverfismála, félagslegra þátta og efnahagslegra þátta í þessu samhengi. Sérstaða Íslands í orkumálum er skoðuð. Nemendur kynna sér innlenda orkugjafa og velta fyrir sér hvað felst í hagnýtri orkunýtingu. Nemendur skoða ólíkar gerðir vistvæns eldsneytis og velta fyrir sér kostum og göllum þeirra. Hugmyndir um vistvæna byggð verða kynnar. Fjallað verður um ólíka þætti sem hafa áhrif á hversu vistvæn byggð telst. Lögð verður áhersla á að nemendur kynni sér og vinni með umhverfismál sem eru efst á baugi hverju sinni. Í þessu samhengi er kjörið að þjálfarar nemendur í að skoða umhverfismál á gagnrýnninn hátt og velta fyrir sér ólíkum sjónarmiðum.

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Lesa skýrslur og lagafrumvörp sem tengjast umhverfismálum
- Útfæra hugmyndir um sjálfbæra þróun þar sem tekið er tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og efnahagslegra þátta
- Halda grænt bókhald.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Túlka á gagnrýnninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum
- Vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál.

sem metið er með:

Sí- og leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin skrifleg lokapróf.

Námsefni:	Engin námsbók en kennari útvegar námsefni.
Námsmat: Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.	
Verkefnaeinkunn (100%):	Verkefni 80 % Lokaverkefni 20%

Skipulag náms:
Um skilafrest verkefna:
Skilakassar lokast ávallt kl. 23:59 á föstudögum fyrir staðnema en 23:59 á sunnudögum fyrir fjarnema. Skila skal verkefnum unnum af nemendum en ekki með gervigreindarforritum. Sé verkefni af miklu eða öllu leyti unni með gervigreindarforriti fær nemandi 0 í einkunn fyrir verkefnið
Um próf:
Ekkert próf er í áfanganum

Áætluð Yfirferð

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 1 1. - 4. janúar	3. janúar – stundatafla birt	
Vika 2 5. – 11. janúar	Fyrsta verkefni upprifjun	Verkefni
Vika 3 12. – 18. janúar	Sérstaða Íslands í umhverfismálum	Verkefni

Vika 4 19. – 25. janúar	Auðlindir Íslands - Orkuvinnslur	Verkefni
Vika 5 26. janúar – 1. febrúar	Auðlindir Íslands - Orkuvinnslur	Verkefni
Vika 6 2. – 8. febrúar	Auðlindir Íslands - Orkuvinnslur	Verkefni
Vika 7 9. – 15. febrúar	Umhverfismál líðandi stunda	Verkefni
Vika 8 16. – 22. febrúar	Umhverfismál líðandi stunda	Verkefni
Vika 9 23. febrúar – 1. mars	Umhverfisvottun og grænt bókhald	Verkefni
Vika 10 2. – 8. mars	Umhverfisvottun og grænt bókhald	Verkefni
Vika 11 9. – 15. mars	Umhverfismál í skólanum	Verkefni
Vika 12 16. – 22. mars	Umhverfismál í skólanum	Verkefni
Vika 13 23. – 29. mars	Umhverfisvænni byggingar	
Vika 14 30. mars – 5. apríl	Umhverfisvænni byggingar	Verkefni
Vika 15 6. – 12. apríl	Umhverfisfræði verkefni líðandi stundar	Verkefni
Vika 16	Páskafri	

13. – 19. apríl		
Vika 17 20. – 26. apríl	Páskafri	
Vika 18 27. apríl – 3. maí	Umhverfisfræði verkefni líðandi stundar	Lokaverkefni
Vika 19 4. – 10. maí	Lokaverkefni	Lokaverkefni
Vika 20 11. – 17. maí	Lokaverkefni 15. maí - síðasti kennsludagur annar 16. – 17. maí - námsmatsdagar	Lokaverkefni

Birt með fyrirvara um breytingar
Árni Ásgeirsson